

**SJÓVARNIR Í ÞORLÁKSHÖFN,
AUSTAN HAFNAR OG NEÐAN GOLFVALLAR
Ákvörðun um matsskyldu**

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir neðan golfvallar í Þorlákshöfn séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014.

Skipulagsstofnun hvetur til að þess að tekið verði mið af varnaðarorðum Landgræðslu ríkisins og þess gætt að framkvæmdirnar leiði ekki til aukins rofs og uppfoks hvort heldur er á framkvæmdatíma eða eftir að framkvæmdum lýkur.

Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif framkvæmdanna verði sjónræn áhrif í fjörunni þar sem grjót og steypur einingar muni breyta ásýnd hennar talsvert. Skipulagsstofnun tekur jafnframt undir ábendingar Landgræðslunnar þess efnis að óheppilegt sé vegna sjónrænna áhrifa, ef til þess kemur, að nota annars konar efni í lengingu sjóvarnanna síðar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sveitarfélagið Ölfus og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. mars 2011.

INNGANGUR

Þann 10. janúar 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sveitarfélaginu Ölfusi um fyrirhugaðar sjóvarnir á 200 m kafla austan hafnar og neðan golfvallar í Þorlákshöfn samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Landgræðslu ríkisins, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 28. janúar 2011, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 21. janúar 2011, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 1. febrúar 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. janúar 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvupósti dags. 4. febrúar 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð um framkvæmdina kemur fram að tilgangur hennar sé að koma í veg fyrir frekara landbrot á svæðinu og verja golfvöllinn í Þorlákshöfn fyrir frekari skemmdum. Breyting virðist hafa orðið á sandburði austan nýja Austurgarðsins í höfninni í Þorlákshöfn sem hafi valdið því að sandur safnist austan garðsins og jafnframt hafi brotnað mikið úr Kampinum austar. Miklar skemmdir hafa orðið á golfvelli Þorlákshafnar vegna sandfoks úr fjörunni eftir að kamburinn fór að rofna. Samkvæmt úttekt Siglingastofnunar frá 2. mars 2010 þá sé landbrot á um 500 m kafla til austurs frá golfskálunum. Verst sé ástandið á um 200 m svæði austur frá austurgafli golfskálans. Lagt sé til að setja kjarnalag í fjöruna á 200 m kafla um 5 m³/m og raða á það forsteyptum einingum. Fyrirhugað sé að fjarlægja eystri garðinn í smábátahöfninni og nýta efnið úr honum (um 1.000 m³) í sjóvörminu, undir steypu einingarnar sem raðað yrði þar ofan á. Ef efnið úr garðinum dugi ekki verður tekið laust efni úr námum á Hafnarsandi eða á Hafnarbergi. Efnið verði flutt á vörubílum að bílplaninu við golfskálann og þaðan eftir slóð niður í fjöruna. Slóðin verði síðan fjarlægð að verki loknu og sáð í hana.

Framkvæmdasvæðið. Fram kemur að landslag einkennist fyrst og fremst af sandfjörunni og melgrónum foksandshólum á fjörukambinum. Fornleifaskráning hafi farið fram í Þorlákshöfn í tengslum við aðalskipulagsvinnu árið 1999 og séu engar minjar skráðar innan framkvæmdasvæðisins. Heimild er um vörðu, Skeiðvörðu nokkru norðar á Kampinum. Reiðleið og gönguleið liggja um svæðið til norðurs meðfram fjörunni.

Fram kemur að framkvæmdin sjálf sé innan hverfisverndarsvæðis í gildandi Aðalskipulagi Ölfus 2002-2014 en svæðið sé vinsælt útivistarsvæði. Vinna sé í gangi við endurskoðun aðalskipulagsins og verði framkvæmdin í samræmi við þá tillögu þar sem sýndar verði sjóvarnir á þessu svæði.

Áhrif á framkvæmdatíma. Fram kemur að á framkvæmdatíma þurfi að útbúa vegslóð til að flytja efni á svæðið frá bílastæði golfvallarins niður í fjöru. Framkvæmdaraðili telji mikilvægt, m.t.t. áhrifa á gróður og ásýnd landsins, að allur grjóthlutningur fari fram meðan frost sé í jörðu þannig að komið verði að mestu í veg fyrir verulegt rask á landi. Að verki loknu muni vegslóð verða fjarlægð og sáð í vegstæðið.

Áhrif á landslag. Fram kemur að sjóvarnirnar muni hafa áhrif á ásýnd svæðisins þar sem forsteyptar einingar muni skera sig úr umhverfinu og hafa áhrif á landslag svæðisins. Framkvæmdin muni ekki hafa bein áhrif á reið- og gönguleið um svæðið önnur en varanleg sjónræn áhrif.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfus, Landgræðslu ríkisins, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdirnar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á stöðu skipulags. Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að framkvæmdin kalli á að gerð verði grein fyrir sjóvörnunum við endurskoðun aðalskipulags og sé sú vinna í gangi hjá sveitarfélaginu. Ekki sé getið um sjóvarnir í gildandi aðalskipulagi. Nauðsynlegt sé að umrædd landnotkun verði í samræmi við aðalskipulag. Unnið hafi verið deiliskipulag fyrir sjóvarnargarðinn.

Áhrif á landgræðslu og uppblástur. Landgræðsla ríkisins telur óheppilegt að rjúfa skarð í kambinn eins og gert sé ráð fyrir í framkvæmdalýsingu. Sú aðgerð opni fyrir rof og geti leitt til uppblásturs sem kunni að valda gróðurskemmdum og gæti í versta falli orðið erfitt að hemja. Því leggi Landgræðslan til að efni verði ekið eftir fjörunni frá krikunum þar sem fjaran og hafnargarðurinn mætast. Þá bendir Landgræðslan á að á svæðinu milli forsteyptu eininganna og kambins muni að öllum líkindum safnast sandur sem gæti síðar fokið yfir kambinn og valdið gróðurskemmdum. Því kunni að vera nauðsynlegt að sá, jafnvel ítrekað, þar til komist er fyrir uppfok af svæðinu.

Í svörum Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að flutningarnir niður í fjöruna verði um skarð sem sé rétt við bílaplanið sem verði síðan lokað. Ekki sé hægt að keyra frá garðinum við Skötubót um nokkur hundruð metra eftir sandinum að framkvæmdastað nema leggja veg eftir sandinum. Sandurinn sé það gljúpur að vörubílar gætu ekki keyrt eftir honum.

Sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna verði sjónræn og áhrif á landslag. Landgræðsla ríkisins bendir á að heppilegra væri að nota grjót í stað forsteyptra eininga þar sem nauðsynlegt kunni að vera að lengja sjóvarnirnar síðar. Þá kunni að þykja æskilegra að öll varnarvirkin hefðu svipaða ásýnd.

Í svörum Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að reiknað sé með að mest verði notað af grjóti í sjóvarnirnar, því lítið sé eftir að forsteyptum einingum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvörn á 200 m kafla austan hafnar og neðan golfvallar í Þorlákshöfn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun hvetur til að þess að tekið verði mið af varnaðarorðum Landgræðslu ríkisins og þess gætt að framkvæmdirnar leiði ekki til aukins rofs og uppfoks hvort heldur er á framkvæmdatíma eða eftir að framkvæmdum lýkur.

Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif framkvæmdanna verði sjónræn áhrif í fjörunni þar sem grjót og steypur einingar muni breyta ásýnd hennar talsvert.

Skipulagsstofnun tekur jafnframt undir ábendingar Landgræðslunnar þess efnis að óheppilegt sé vegna sjónrænna áhrifa, ef til þess kemur, að nota annars konar efni í lengingu sjóvarmanna síðar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sveitarfélagsins Ölfuss við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð sveitarfélagsins vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir neðan golfvallar í Þorlákshöfn séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sveitarfélagið Ölfus og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. mars 2011.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Skipulags
stofnun